

30. maí 2024

24100

Dreifing

Kópavogsbær:

Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi

Höfundur

Orri Gunnarsson

Yfirfarið/Samþykkt

SÓ

Tílefni

Framkvæmdaleyfi Fossvogsbúar, Öldu

Viðbrögð við umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi vegna Fossvogsbúar.


1 Framkvæmdin

Vegagerðin hefur undirbúið framkvæmdir við Fossvogsbú sem liggur á milli Kársneshafnar og flugbrautar-enda Reykjavíkurflugvallar, vestan Nauthólsvíkur. Brúin er ætluð fyrir umferð gangandi, hjólandi, neyðarakstur og umferð almenningssvagna yfir Fossvog. Fossvogsbú er sýnd á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Brú yfir Fossvog, Alda, er hluti af fyrsta áfanga uppbyggingar vegna Borgarlínu. Alda er lágreist brú með akrein almenningssvagna fyrir miðju, stíg fyrir gangandi austan megin og tvístefnu hjólastíg austan megin. Á landfyllingum við báða brúarenda verða áningarstaðir og tengingar við önnur samgöngukerfi. Heildarlengd brúarinnar verður um 270 m.

Verkefnið er framkvæmdarleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar.

Framkvæmdatími er áætlaður þrjú ár en reiknað er með að vinna við gerð landfyllingar hefjist í byrjun sumars 2024 og að endanleg verklok verði árið 2027.



Útboðshönnun landfyllinga suður, yfirlitsmynd. Efla og Vegagerðin, teikning J101 (hluti)


Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

2 Skipulagsleg staða

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Kópavogs 2019-2024. Samkvæmt umsókn um framkvæmdaleyfi er Fossvogsbrú staðsett á skilgreindu opnu svæði (OP-1.02) og aðkomugata Kópavogsmegin teygir sig inn á svæði skilgreindar íbúðarbyggðar (ÍB-1), sem einnig er á skilgreindu þróunarsvæði bæjarins (PR-1). Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogs.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir brú yfir Fossvog, samþykkt í bæjarstjórn Kópavogsbæjar 12. febrúar 2019, með síðari breytingu samþykkt í bæjarstjórn 24. febrúar 2024. Framkvæmdin er í samræmi við það deiliskipulag.

Hjá Kópavogsbæ er í vinnslu breyting á deiliskipulagi Kársneshafnar (ásamt síðari breytingum) við brúarenda sem er í samræmi við verkhönnunargögn Eflu Verkfræðistofu. Verkefnastjóri Borgarlínu í Kópavogi, Efla og Vegagerðin eru í reglulegu sambandi um framgang hönnunar og skipulagsmála.



Hluti gildandi aðalskipulagsuppráttar Kópavogs.

3 Ábendingar umferðar- og skipulagsráðgjafa Kópavogs

Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun, Hafrannsóknarstofnun, Reykjavíkurborg og fleiri hafa þegar gefið álit á ýmsum umhverfislegum og skipulagslegum þáttum sem ekki verða frekar tíundaðir hér. Kópavogsbær gæti aftur á móti haft eftirfarandi í huga í sínum ábendingum við samþykkt framkvæmdaleyfis:

- Þungaflutningar fari fram utan háannatíma. Almenn sé vinnutími ekki um nætur, sunnudaga eða aðra frídaga.
- Huga skuli eftir þörfum að takmörkun aksturshraða þungaflutningabíla á Vesturvör milli Kársnesbrautar og Hafnarbrautar.
- Núverandi göngu- og hjólaleiðir sem haldast óbreyttar á meðan vinnutíma stendur séu vel merktar og lýstar. Sama eigi við um mögulegar tímabundnar hjólaleiðir stíga sem lagðir verði hörðu undirlagi.
- Hylja skuli jarðefnafarma sem fari um götur bæjarins og rykbinda laus jarðefni á geymslusvæðum og byggingarstað. Þvottastöð eða votsvæði sé komið fyrir til að lágmarka að óhreinindi berist á götur bæjarins.
- Meðan siglingar inn í Fossvog eru leyfðar innan framkvæmdatímans séu settar upp baujur og viðvörunarljós eins og við á til öryggis sjófarenda. Siglingarfélagið Ýmir við Naustavör sé upplýst tímanlega um allar takmarkanir sem gera þarf á siglinum um framkvæmdasvæðið.
- Almennur þrífnaður sé viðhafður á og við vinnusvæði. Sérstaklega skal varna foki byggingarefna, umbúða og úrgangsefna.
- Nýta skal Kársneshöfn eftir bestu getu við aðflutning fyllingar- og byggingarefna til að lágmarka akstur um Kársnesbraut.
- Vinnusvæði sé afgirt og öryggi þess tryggt. Sérstaklega sé hugað að því að ungir bæjarbúar komist ekki með góðu móti að tækjum og byggingarefnum.
- Samráð við bæinn um nýtingu jarðefna úr grunnum fyrirhugaðra nýbygginga til landfyllinga. (T.a.m. frá Reit 13, og hugsanlega Hafnarbraut 27 þar sem mögulegt er að komi til framkvæmda á næstu misserum.)
- Framkvæmdaraðili geri sitt ítrasta til að tímamörk framkvæmda standi, ella tilkynni bæjaryfirvöldum um leið og tafir á framkvæmdum verði fyrirsjáanlegar.
- Eftir að áætluðum framkvæmdatíma lýkur (og mögulega svæðis- og tímabundið innan áætlaðs framkvæmdatímans) áskilur bærinn sér rétt til að breyta akstursaðkomu vinnusvæðis vegna byggingarframkvæmda sem þá eru áætlaðar innan skilgreinds þróunarsvæðis bæjarins.

Brúin kemur inn á Kársnes eftir íhvolfum boga (e. concave). Til að tengja veglínu hennar rétt inn á Bakkabraut þarf að sveiga hana í kúptan boga (e. Convex). Hönnunarteymi brúarinnar (Efla og Vegagerðin ásamt ráðgjöfum) hefur upplýst bæjaryfirvöld um að fyrirbyggjandi hönnun sé uppruninn úr vinningstillögu samkeppni brúarinnar. Sú hönnun liggur til grundvallar deiliskipulagsbreytingar sem unnið er að milli deiliskipulags brúar og Vesturvarar.



Lega Öldu í íhvolfum boga (gult) milli aðkomuvega (appelsínugult) í samanburði við ímyndaða kúpta veglínu (magenta). Grunnkort: Efla. Litaðar línur: VSÓ.

4 Samantekt

Ef að hugað vel er að ofangreindum þáttum sjá ráðgjafar enga ástæðu til annars en að veita Vegagerðinn jákvæða umsögn um framkvæmdaleyfi.